

Verið velkomin á eftirtalda staði



Samansafnið á Kiðafelli

Bændurnir á Kiðafelli hafa komið upp fjölbreyttu safni gamalla muna á fjósloftinu. Þar má m.a. skoða gamlar búvélar og bifreiðar, stríðsminjar, sjávar- og landbúnaðarminjar, ásamt fjölmörgu öðru sem haldið hefur verið til haga frá fyrri tímum. Í safninu eru margir hlutir sem koma gestum skemmtilega á óvart svo sem einn elsti ísskápur landsins, áfengisbók fyrir karla frá skómmtnararunum og hvalskurðarhnífur Halldórs Blöndals. Safnið er almennt opið eftir samkomulagi og er vinsæll viðkomustaður í óvissu- og starfsmannaferðum. Safnið ber nafn með rentu og gaman er að skoða gripi sem fólk á besta aldri man vel eftir.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 7051, 896 6984, kidafell@emax.is



Eyrarkot

Á túninu í Eyrarkoti fyrir neðan veg verður haldið heimsmeistaramót í heyrulluskreytingum. Þar er öllum velkomið að taka þátt og skreyta rúllu og verður keppni um listfengustu rúlluna. Dómnefnd kynnir úrslit kl. 17 og veitir verðlaun.

Í ár verður hvorki opið í salnum að Eyrarkoti né íbúðarhúsinu vegna útleigu, en öllum er velkomið að njóta útiveru á túninu, fara í fjöruna eða skoða bryggjuaðstöðuna.

Eyrarkot er ferðapjónustubær ofan við Hvalfjarðareyri og þar er hægt að leigja ýmist stök herbergi, húsið, salinn eða staðinn allan, fyrir t.d. ættarmót eða afmæli. Aðstaða er fyrir 40 manns í salnum og húsið tekur 10 í gistingu. Hægt er að leigja aðstöðu fyrir báta við nýju bryggjuna.

S: 692 3025, begga@emax.is

Kjósinn er um 300 ferkílómetrar að stærð. Landbúnaður er aðal- atvinnugreinin í hreppnum. Um 600 sumarhús eru í Kjósarhreppi og 66 heimili, sem fer ört fjölgandi og er sótt vinna frá þeim mörgum hverjum utan sveitar. Íbúar 1. des 2012 voru 204.

Kaffi Kjós

Kaffi Kjós er þjónustumiðstöð staðsett í suðurhlíð Meðalfells, með góðu útsýni yfir Meðalfellsvatn, í raunverulegu sveitaumhverfi. Þar eru margir möguleikar til skemmtilegrar útivistar og afþreyingar.

Kaffi Kjós var opnað 1998 og hafa sömu aðilar rekið staðinn síðan. Þar er lögð áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti. Á Kaffi Kjós er unnið eftir umhverfisstefnu.

Þann 20. júlí verður hoppukastali frá kl. 14-17 við Kaffi Kjós og hjólabátar á Meðalfellsvatni. Ljósmyndasýning eftir Finnoga Björnsson prýðir veggina: Maður – náttúra – sauðkind.

Opið frá kl. 11-22, s: 566 8099, 897 2219 kaffikjos@kaffikjos.is, www.kaffikjos.is



Hjalli

Á Hjalla býðst gisting í einu 4 manna smáhýsi auk þess er fjölskylduvænt tjaldsvæði á staðnum. Í Hlíðunni er frábær aðstaða fyrir hópa sem vilja sjá sjálfir um sína mannfagnaði.

Í Hlíðunni á Hjalla verður sauðkindin aðalþema dagsins. Nýja þrjónablaðið frá Ístex verður kynnt ásamt ýmsum vörum frá þeim. Kvikmyndasýning, fróðleikur um íslensku ullina og lummubakstur í fullum gangi.

Ferðapjónustan Hjalla ehf Opið frá kl. 16-18, s. 897 2219, hjalli@kaffikjos.is

Kjósinn er að stærstum hluta á náttúruminjaskrá. Steðji innan Hvammsvíkur, stundum kallaður Staupasteinn, er náttúruvætti. Í steininum er sagður búna einbúi sem Erla Stefánsdóttir, sjáandi segir „góðlyndan, gamansaman og barngóðan karl.“ Þar má hvorki slá né reita mosa.



Hurðarbak

Vorið 2002 vígði séra Pétur Þorsteinsson, prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík, sérstakan grafreit fyrir húsdýr í landi Hurðarbaks í Kjós. Dýragrafreiturinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi. Garðurinn er staðsettur í fallegu og vinalægu umhverfi við Laxá í Kjós. Á undanförunum árum hafa dýravínir í sívaxandi mæli óskað eftir legstað í garðinum fyrir látin dýr. Þar hvíla nú á þriðja hundrað dýr, stór og smá, hvert í sérstökum reit og geta eigendur þeirra komið og vitjað þeirra hvenær sem er. Meðal þeirra sem þar hvíla er hið landsþekktu naut Guttormur, sem ól aldur sinn í Húsdýragarðinum. Þar eru einnig horfnir gæðingar, ásamt þeim dýrum sem fólk hefur haft inni á heimilum sínum. Gestir eru boðnir innilega velkomir að koma og skoða garðinn. Umsjónarmaður og eigandi garðsins er Guðný G. Ívarsdóttir, Flekkudal.

S: 566 7052, 899 7052, gudnyi@simnet.is



Kjósarrétt

Kjósarrétt eða Möðruvallarétt stendur við Laxá á milli Möðruvalla og Vindáshlíðar. Réttinn er steinsteypt og var lögrétt frá 1955 til 2002. Hún var endurbyggð 2012 og réttað í henni að nýju það haust.

Hænur, heimalningar, geitur, yrðlingur og fleiri dýr verða gestum og gangandi til gleði í réttinni. Auk þess sem félagar úr hestamannafélaginu Adam teyma hesta undir krökkum.

Dýralíf og fjör í Kjósarrétt frá kl. 13-16.

Orrustuhóll er við bæinn Elífsdal. Þar segir Kjalnesingasaga að Búi Andriðarson hafi varist áhlaupi tylftar Saurbæjarmanna og haft betur. Varðist hann fyrst með grjóti og síðar járnum.

Hæstu fjöll í Kjósinni eru Vestursúla 1.086 m, Hábunga 910 m, Kjölur um 800 m, Móskaðahnjúkar 797 m, Skálatindur 793 m, Skálafell 773 m, og Trana 743 m. Auk þess er vinsælt að ganga á Eyrarfjall 477 m, Reykvallaháls 422 m, Sandfell 390 m og Meðalfell 358 m.



Reynivellir

„Ég er úr Kjósinni.“

Séra Gunnar Kristjánsson sóknarprestur og prófastur í Kjalarnessprófastsdæmi flytur erindi um vísanir til Kjósarinnar og sveitalífs almennt í verkum Halldórs Laxness.

Einnig er stutt kynning á stað og kirkju. Kirkjan sem nú stendur á Reynivöllum er með eldri timburkirkjum landsins. Hún var reist árið 1859 í tíð séra Gísla Jóhannessonar. Allt til þess tíma hafði kirkjan staðið í kirkjugarðinum og skammt ofan við stóð bærinn frá ómunatíð, uns hann var færður á svipaðar slóðir og hann er nú, eftir skriðuföll sem gengu yfir staðinn á 17. öld. Fyrir aldamótin 2000 var kirkjan endurbyggð að verulegu leyti.

Erindið hefst kl. 16 í Reynivallakirkju.



Gallerí NaNa

Gallerí NaNa er við Flekkudalsveg 18, Meðalfellsvatni, við veg 461, Kjós. Í Gallerí NaNa eru glæsilegar handgerðar leðurtöskur skreyttar með fiskiroði og skinni ásamt fylgihlutum til sýnis og sölu.

Tekið er á móti allt að 15 gestum í einu, hafið samband. Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir.

Opið laugardaginn 20. júlí frá kl. 12-17, aðra daga eftir samkomulagi, s. 847 8980, nana@nana.is, www.nana.is

Í ársbyrjun 2012 var í Kjósinni 2391 sauðkind, 1085 nautgripir, 625 hross, 214 gæsir, 24 varphænur, 10 geitur og 5 endur.

Laxá í Kjós og Bugða hafa um langt árabil verið með bestu laxveiðiám landsins. Meðalveiði síðustu 10 ár er 1341 lax. Náttúruvegurð er mikil í Kjósinni og fjöldi fallegra veiðistaða. Auk þess eru í Laxá margir fagrir fossar. Neðarlega eru Kvíslarfoss og Laxfoss, en Pokafoss og Þórufoss ofarlega.

Kjósarspretturinn 2013 – Þríþrautarkeppni

Þríkó í samstarfi við Kjósarhrepp og Kaffi Kjós bjóða upp á þríþrautarkeppni við Meðalfellsvatn. Syntir verða 1500 metrar í Meðalfellsvatni, hjólaðir 15 km inn í Hvalfjörð og hlaupnir 5 km, Hungurflatir inn að Eyjatjörn og til baka. Þetta er jafnt hlutfall greina sem þýðir að einstaklingur jafnvígur í sundi, hjóli og hlaupi ætti að vera nokkurn veginn jafn fljótur með greinarnar þrjár. Veitingar fyrir keppendur verða í boði í Kaffi Kjós að keppni lokinni. Verðlaun verða veitt frá Intersport. Keppnin er liður í undirbúningsferli fyrir heilan Járnkarl sem Þríkó hyggst halda í samstarfi við önnur þríþrautarfélög í ágúst 2014 á svæðinu. Ráðlagt er að synda í galla en gert er ráð fyrir að vatnið verði um 15°C. Engin sturtuástaða er á staðnum en bent er á sundlaugar á Kjalarnesi Klébergslaug (20km) og á Hvalfjarðarströnd á Hlöðum (37km).

Skráning fer fram á: <http://tinyurl.com/kjostri2013>
Skráningargjald er 2.000 kr.
Mæting er við Kaffi Kjós kl. 8.00. Þríþrautin hefst kl. 9.00.



Miðdalur



Heyrúlluskreytingar

Miðdalur stendur í samnefndum dal milli Eyrarfjalls og Esju við veg 460. Þar er stundaður blandaður búskapur, aðallega mjólkurframleiðsla með um 30 mjólkurkúm auk nautakjötsframleiðslu. Um 80 vetrarfóðraðar ær eru á bænum auk hrossa. Árlega fæðast um 2-4 fólðir á bænum. Áhersla er lögð á að rækta ganggóð hross með gott geðslag. Á hlaðinu vappa landnámsþætur um og Grani grís er oft á rölti milli húsa. Í Miðdal eru einnig Border Collie hundar og íslenskir hundar auk nokkurra kettlinga sem leita að framtíðarheimili. Á vorin tókum við á móti grunn- og leikskólabörnum. Börnin fá að upplifa dýrin á bænum og komast í snertingu við þau.

Heitt verður á könnunni og verður Mjólkursamsalan með kynningu á vörum frá mjólkurframleiðendum. Einnig verður til sölu broddur og hægt verður að sjá söluhross.

Opið frá kl. 13-17, s: 566 6834, middalur@emax.is



Hvítanes



Kiðafell III



Meðalfellsvatn

Í Hvítanesi eru áhugaverðar herminjar sem hægt er að ganga um. Þar má enn sjá mannvirki breska hersins frá umsvifum hans í Hvalfirðinum í seinni heimsstyrjöldinni. Hvalfjörður varð afar þýðingamikil flotastöð með skipalægjum fyrir bæði herskip og flutningaskip. Magnús Þór Hafsteinsson verður með leiðsögn í Hvítanesi þar sem hann segir frá hlutverki Hvalfjarðar í styrjöldinni og minjum þar. Magnús Þór sendi árin 2011 og 2012 frá sér bækurnar *Dauðinn í Dumbshafi* og *Návigi á norðurslóðum*. Í þeim bókum er sögð saga skipalestanna sem sigldu til og frá Norðvestur Rússlandi á árum seinni heimsstyrjaldar þar sem Hvalfjörður gegndi veigamiklu hlutverki.

Mæting er í Hvítanesi, kl. 13.

Kiðafell III, býður nú í fyrsta skipti gestum hátíðarinnar heim til að líta á úrval garðplantna sem þar hafa verið ræktaðar á undanförunum árum og bjóðast nú til sölu. Um er að ræða tré, runna og fjölæringa.

Heitt verður á könnunni svo allir ættu að fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Opið frá kl. 12-17.

Veidikortid og Veidifélagið Hreggnasi, sem er leigutaki vatnasvæðis Laxár, bjóða fritt í veiði í Meðalfellsvatni á milli kl. 13 og 18. Þeir sem vilja nýta sér það geta kynnt sér upplýsingar um vatnið á veidikortid.is.



Mest veiðist af smábleikju, en einnig nokkur urriði, sjóbirtingur og lax. Urriðinn veiðist best fyrirhluta sumars. Lax gengur oft hratt upp í vatn og mögulegt er að veiða lax frá miðju sumri og út veiðitímabilið. Þar sem mikið er af smábleikju í vatninu hentar það mjög vel fyrir ungvíðið.

Fritt í veiði frá kl. 13-18, www.veidikortid.is

Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í Kjósinni, m.a. Gíslagata og Kirkjustígur, yfir Svínaskarð og yfir Reynivallaháls. Notalega skógarstíga er að finna inni í Brynjudal og við Fossá, sem skógræktarfélagin á stöðunum hafa útbúið.



Sveitamarkaður í FÉLAGSGARÐI

Í Félagsgarði, félagsheimili Ungmennafélagsins Drengs, er sveitamarkaður og kynning á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem er í boði er þrjúnavara, handverk, listmunir, sultur, kleinur, randalínur, trévörur fyrir börn, blúndugler, trjáplöntur og margt fleira spennandi.

Matarbúrið á Hálsi og Sogn verða með vörur sínar á boðstólum. Kvenfélagskonur úr Kjósinni munu skapa notalega stemmningu með ilmi af nýbökuðum vöfflum og rjúkandi kaffi.

**Opið frá kl. 12-17,
s: 841 0013,
kjosarstofa@kjos.is**



Bændasamtökin reka verkefnið „Opinn landbúnaður“ og taka þátt í Kátt í Kjósinni með stuðningi sínum.

Ungmennafélagið Drengur í Kjós var stofnað 1915 og gaf út blað ári síðar sem hét *Draupnir*, en 1917 breyttist nafnið í *Hreiðar heimska*. Kom það út 6-7 sinnum á ári í tugi ára. 1918 var haldið fyrsta mótið milli Aftureldingar og Drengs og var það haldið á Kollafjarðar-eyrum.

Dagskrá Kátt í Kjós

9.00-11.00 Kjósarspretturinn – Sund – hjólreiðar – hlaup
Þríþrautin hefst með sundi í Meðalfellsvatni kl. 9.00. Mæting í Kaffi Kjós kl. 8.00.
Skráningargjald: 2.000 kr. Skráning á: <http://tinyurl.com/kjostri2013>

12.00-17.00 Trjásala á Kiðafelli III
Úrval garðplantna sem þar hafa verið ræktaðar á undanförunum árum bjóðast nú til sölu. Heitt á könnunni.

12.00-17.00 Markaður í Félagsgarði
Skemmtilegur og fjölbreyttur markaður með áherslu á íslenskt handverk, þjóðlega hönnun og krásir úr Kjósinni.

12.00-16.00 Kaffisala Kvenfélagsins í Félagsgarði
Kvenfélag Kjósarhrepps er með kaffisölu staðsetta í Félagsgarði. Rjúkandi kaffi og nýbakaðar vöfflur.

13.00-16.00 Dýralíf við Kjósarrétt
Hænur, heimalningar, geitur, yrðlingur og fleiri dýr verða gestum og gangandi til gleði í gömlu réttinni. Hægt að komast á hestbak við réttina.

12.00-17.00 Gallerí Nana
Gallerí Guðbjargar Jónu Magnúsdóttur við ofanvert Meðalfellsvatn verður opið gestum og gangandi.

13.00-18.00 Veidikortid býður veiði í Meðalfellsvatni
Mest veiðist af smábleikju, en einnig nokkur urriði, sjóbirtingur og lax.

13.00-14.00 Leiðsögn um hernámssminjar – Hvítanes
Magnús Þór Hafsteinsson er með leiðsögnina. Mæting í Hvítanes kl. 13.00.

13.00-17.00 Samansafnið á Kiðafelli opið

13.00-16.30 Heimsmeistarakeppni í heyrúlluskreytingum við Eyrarkot
Skráning á kjosarstofa@kjos.is og á staðnum. Tilkynnt verður um úrslit kl. 17 við Eyrarkots-túnið.

16.00-18.00 Hlaðan á Hjalla
Kynning á íslensku ullinni, kvikmyndasýning og lummubakstur.

16.00 Reynivallakirkja
„Ég er úr Kjósinni.“ Séra Gunnar Kristjánsson sóknarprestur flytur erindi um vísanir til sveitarinnar í verkum Halldórs Laxness. Einnig er stutt kynning á stað og kirkju.

11.00-22.00 Kaffi Kjós við Meðalfellsvatn
Kl. 14-17 verður hoppukastali við Kaffi Kjós og hjólabátar á Meðalfellsvatni. Ljósmyndasýning eftir Finnþoga Björnsson prýðir vegg kaffihússins: Maður – náttúra – sauðkind.



Kjósarstofa og Kjósarhreppur

Ásgarður Kjós | 276 Mosfellsbær | Sími: 566 7100 / 841 0013
kjosarstofa@kjos.is | www.kjos.is



Kátt í KJÓSINNI

Opinn dagur laugardaginn
20. júlí 2013

Hönnun: Sögumblun ehf. Borgarhóli Kjós

